

Fundargerð aðalfundar Haga hf. haldinn hinn 4. júní 2015

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, var haldinn fimmtudaginn 4. júní 2015, kl. 09:12, á Hilton Reykjavík Nordica (VOX club), Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

Kristín Friðgeirsdóttir, formaður stjórnar Haga hf., bauð fundarmenn velkomna í upphafi fundarins og lagði til að Þórður Bogason hæstaréttarlögmaður yrði kjörinn fundarstjóri og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Haga, yrði kjörin fundarritari. Var það samþykkt.

Áður en gengið var til dagskrár gerði fundarstjóri grein fyrir boðun fundarins, fundargögnum og fyrirkomulagi fundarstarfa. Fundarboð birtist opinberlega á vef Kauphallarinnar þriðjudaginn 12. maí sl. og var fundurinn einnig auglýstur í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu miðvikudaginn 13. maí sl. Breytingartillögur bárust frá hluthafa, Gildi-lífeyrissjóð, innan tiltekins tímafrests. Fundarstjóri gerði grein fyrir afstöðu félagsstjórnar til breytingartillaganna en hún mælist til að þær verði samþykktar. Á fundinum eru mættir 37 hluthafar af 1054 hluthöfum í félaginu eða fyrir 65,73% hlutafjár. Lýsti fundarstjóri því yfir að fundurinn væri boðaður á lögmetan hátt og bær til að taka ákvarðarnir í samræmi við auglýsta dagskrá. Að svo búnu var gengið til dagskrár án athugasemda.

1. *Skýrsla stjórnar Haga hf. um starfsemina á liðnu ári.* Kristín Friðgeirsdóttir, formaður stjórnar Haga, tók til máls og flutti skýrslu stjórnar.
2. *Ársreikningur Haga hf. fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda.* Á fundinum var lagður fram til samþykktar ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda. Finnur Árnason, forstjóri Haga, tók til máls og gerði grein fyrir ársreikningi félagsins.

Eftir framsöguræður undir 1. og 2. dagskrárlið opnaði fundarstjóri mælendaskrá og bauð fundarmönnum að koma með fyrirspurnir. Enginn tók til máls. Að því búnu var ársreikningur Haga hf. fyrir liðið starfsár félagsins, 1. mars 2014 – 28. febrúar 2015, borinn upp til atkvæða og samþykkti aðalfundurinn hann samhljóða.

3. *Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2014/15.* Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar Haga hf., sem lá frammi á fundinum, þess efnis að aðalfundurinn samþykki að greiddur verði arður til hluthafa félagsins vegna reikningsársins 2014/15 sem nemur 1,70 krónu á hlut, eins og fram komi í ársreikningi félagsins. Heildararðgreiðslan nemi því 1.992 milljónum króna. Fundarstjóri gerði jafnframt grein fyrir því að samþykki aðalfundurinn tillöguna skuli arðsréttindadagur vera 8. júní 2015. Arðleysisdagur, þ.e.a.s. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2014/15 verði því 5. júní 2015, eða næsti viðskiptadagur eftir aðalfund. Útborgunardagur arðgreiðslu verði 25. júní 2015. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Í framhaldi af því bar fundarstjóri upp framangreinda tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar Haga hf. á reikningsárinu 2014/15 og var hún samþykkt samhljóða af aðalfundinum.

4. *Tillaga að breytingu á samþykktum félagsins.* Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar Haga hf. sem lá frammi á fundinum um breytingu á samþykktum félagsins þar sem lagt er til að grein 7 um eigin hluti verði breytt þar sem kveðið verður á um að heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé skuli tiltekin í samþykktum hverju sinni með þeim skilyrðum sem hluthafafundur ákveður.

Þá gerði fundarstjóri grein fyrir breytingartillögu Gildis-lífeyrissjóðs um sömu grein samþykktanna en hún kvað á um að í stað orðanna „fimm ára“ í lokamálslið tillögu stjórnar komi „átján mánaða“.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna. Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis-lífeyrissjóðs, tók til máls. Því næst gaf fundarstjóri Kristínu Friðgeirsdóttur stjórnarformanni orðið. Að svo loknu bar fundarstjóri upp breyttar samþykktir félagsins til atkvæða og voru þær samþykktar samhljóða af aðalfundinum. Grein 7 hljóðar nú svo breytt:

Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10%. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutum sem félagið á sjálf. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Slíka heimild má ákveða með einföldum meiri hluta atkvæða hluthafafundar. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé, sem í gildi kann að vera á hverjum tíma, skal tiltekin í þessari grein samþykktanna, með þeim skilyrðum sem hluthafafundur ákveður. Heimild til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en átján mánaða hverju sinni.

5. *Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna Haga hf.* Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar Haga hf., sem lá frammi á fundinum, þess efnis að aðalfundurinn samþykki að stjórnarlaun verði óbreytt og var tillagan svohljóðandi: Stjórnarformaður kr. 500.000,- á mánuði og stjórnarmenn kr. 250.000,- á mánuði. Auk þess leggur stjórn félagsins til að laun fyrir setu í undirnefndum stjórnar verði óbreytt eða sem hér segir: formaður nefndar kr. 140.000,- á mánuði og nefndarmenn kr. 70.000,- á mánuði. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Við svo búið bar fundarstjóri upp framangreinda tillögu stjórnar um greiðslur til stjórnarmanna Haga hf. og var hún samþykkt samhljóða af aðalfundinum.
6. *Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.* Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn Haga hf. hafi lagt fram við aðalfund tillögu að starfskjarastefnu fyrir félagið. Fram hafa komið tvær breytingartillögur frá Gildi-lífeyrissjóð við starfskjarastefnuna.

Fyrri tillagan er svo hljóðandi:

- Lokamálsliður 1. gr. tillögu stjórnar (með fyrirsögninni „Markmið“) falli brott og í stað hans komi fjórir nýir málsliðir sem verði svohljóðandi:
Félagið hefur ekki sett sér markmið eða stefnu um launagreiðslur til stjórnenda í formi hlutabréfaréttinda. Komi til þess að slík markmið eða stefna verði mótuð skal gera tillögu um þau í starfskjarastefnu og leggja fyrir hluthafafund til samþykktar áður en þau koma til framkvæmda. Félaginu er hvorki heimilt að veita stjórnarmönnum,

forstjóra eða öðrum stjórnendum félagsins lán né gangast í ábyrgð fyrir þá. Undir þetta falla þó ekki venjulega viðskiptalán sem geta almennt talist hefðbundin í rekstri félags.

Seinni tillagan er svo hljóðandi:

- Orðið „veruleg“ í 3. málslíð 6. gr. tillögu stjórnar (með fyrirsögninni „Samþykkt starfskjarastefna og fleira“) falli brott.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna. Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri Gildis-lífeyrissjóðs tók til máls. Því næst tók Ásta Rut Jónasdóttir, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs verslunarmanna, til máls og kynnti hún hluthafastefnu lífeyrissjóðsins og upplýsti að í henni kæmi fram að lífeyrissjóðurinn teldi heppilegra að starfskjör stjórnenda væru föst en ekki breytileg. Starfskjarastefna Haga hf. var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða svo breytt af aðalfundinum.

7. *Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.* Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fimm framboð hefðu borist til setu í stjórn Haga hf. innan þess tíma sem lög og samþykktir félagsins áskilja og væru þau öll gild. Upplýsingar um frambjóðendur hafa verið birtar en allir skipa núverandi stjórn og hafa því gefið kost á sér til endurkjörs. Fundarstjóri las upp nöfn frambjóðenda: Erna Gísladóttir, Kristín Friðgeirsdóttir, Salvör Nordal, Sigurður Arnar Sigurðsson og Stefán Árni Auðólfsson. Þar sem fleiri voru ekki í framboði en kjósa skal lýsti fundarstjóri eftirfarandi einstaklinga réttilega kjörna til setu í stjórn Haga hf. á aðalfundinum: Erna Gísladóttir, Kristín Friðgeirsdóttir, Salvör Nordal, Sigurður Arnar Sigurðsson og Stefán Árni Auðólfsson.

Þá gerði fundarstjóri grein fyrir þeirri tillögu stjórnar Haga hf. að KPMG ehf., kt. 590975-0449, verði kosinn endurskoðandi félagsins. Var sú tillaga samþykkt samhljóða og án athugasemda á aðalfundinum.

8. *Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.* Ný tillaga barst frá Gildis-lífeyrissjóð um niðurfellingu núverandi heimildar og ákvörðun á nýrri heimild. Tillagan er svohljóðandi:


Gildandi heimild til handa stjórn um kaup á eigin hlutum samkvæmt ákvörðun aðalfundar 8. júní 2012 falli niður og í stað hennar verði samþykkt eftirfarandi heimild:

Aðalfundur Haga hf. þann 4. júní 2015 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli sömu ákvæða. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma.


Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

9. Önnur málefni. Engar frekari tillögur bárust frá hluthöfum og því ekki önnur mál á dagskrá.

Fundarstjóri óskaði eftir umboði aðalfundar til fundarritara og fundarstjóra að ganga frá og undirrita fundargerð. Heimild var veitt. Fundi var að svo búnu slitið kl. 10:15.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Þórður Bogason', written over a horizontal line.

Þórður Bogason, fundarstjóri

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Guðrún Eva Gunnarsdóttir', written over a horizontal line.

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fundarritari